



NaNO Fréttabréf – Nóvember 2015

Hvað höfum við gert í september og október?

Námshagstofnun (nú Menntamálastofnun) óskaði eftir aðkomu NaNO við hugmyndavinnu vegna Hvalaverkefnis á vegum Lífríkis. Verkefnið miðar m.a. að því að efla vitund grunnskólanemenda um hafið og mikilvægi þess fyrir samfélag, efnahag og náttúru.

Fórum á Höfn í Hornafirði og funduðum með ýmsum aðilum til að undirbúa námsefnisgerð í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð og náttúru hans; má þar nefna Fuglaathugunarstöð Suðausturlands; Náttúrustofu Suðausturlands; Ríki Vatnajökuls; Þekkingasetrið Nýheima; Fræðsluskrifstofu Hornafjarðar; kennara í Grunnskóla Hornafjarðar og Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu; Rannsóknarsetur HÍ á Hornafirði. Heimsóknin gekk vel og unnið er hörðun höndum að námsefnisgerð í samstarfi við ýmsa aðila.

Fyrra skipti námskeiðs fyrir grunnskólakennara Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar í samstarfi við Árborg fór fram og var efnið útikennsla. Síðari hlutinn fer fram fyrir áramót.

NaNO hélt kynningu fyrir hóp náttúrufræðikennara frá ýmsum Evrópulöndum á vegum Scientix verkefnisins laugardaginn 26. september sl. í Háaleitisskóla. Kynningin var um íslenska skólakerfið, náttúrufræðikennslu á Íslandi ásamt verkefni NaNO. NaNO var að auki með nanótæknivinnustofu.

Héldum örfyrirlestur þann 7. október á Kaffi Loka sem bar heitið „Reyndu nú að skíta þig ekki út“. Samstarfshópur um Alþjóðlegt ár jarðvegs 2015 hefur í ár staðið fyrir örfyrirlestraröð um mikilvægi jarðvegs og var þema dagsins „Mold og menntun“.

Tvær fyrirtækjakynningar fyrir náttúrufræðikennara fóru fram. Sú fyrri var til Íslenskrar erfðagreiningar 13. október sl. Starfsfólk þar tók á móti hópi náttúrufræðikennara, leiddi um fyrirtækið og kynnti starfsemi og starfsvettvangi vísindafólks innan veggja þess. Í framhaldi voru umræður um tengslin við kennsluna. Sú síðari var til Össurar 29. október sl. og var kynningin með sambærulegu sniði; kynning á fyrirtækinu; gengið um fyrirtækið og spjall við starfsfólk með ólíkan bakgrunn; umræða um tengl vísindanna við kennslu.

Unnið var áfram að undirbúningi *FIRST* LEGO League keppinnar í samstarfi við VoN og MarkSam. Keppnin verður haldin í Háskólabíói laugardaginn 14. nóvember nk.

Unnið að verkefnum í gagnabanka NaNO.

Unnið er að hópferð náttúrufræðikennara á ASE (The Association for Science Education) ráðstefnu í Birmingham í janúar 2016. Í heild fara 12 náttúrufræðikennarar úr leik-, grunn-, og framhaldsskólum saman utan.

Ester fer í barneignarleyfi frá og með 9. nóvember nk.

Hvað er framundan?

Undirbúningur þriggja námskeiða fyrir náttúrufræðikennara með styrkjum frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

- Við fáum til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefni í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.
- Sérfræðingar lesa yfir texta verkefnanna í bankanum.

Ljúka við skýrslu um formlegt mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* sem var við Menntavísindasvið HÍ vorönn 2014.

Undirbúningur *FIRST LEGO League* keppni grunnskólanema sem HÍ heldur 14. nóvember nk.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmællissjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Vinum Vatnajökuls og Rannsóknasjóði síldarútvegsins.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld